




**IMAGE EVALUATION
TEST TARGET (MT-3)**



**Photographic
Sciences
Corporation**

23 WEST MAIN STREET
WEBSTER, N.Y. 14580
(716) 872-4503

**CIHM
Microfiche
Series
(Monographs)**

**ICMH
Collection de
microfiches
(monographies)**



Canadian Institute for Historical Microreproductions / Institut canadien de microreproductions historiques

© 1993

Technical and Bibliographic Notes / Notes techniques et bibliographiques

The Institute has attempted to obtain the best original copy available for filming. Features of this copy which may be bibliographically unique, which may alter any of the images in the reproduction, or which may significantly change the usual method of filming, are checked below.

L'Institut a microfilmé le meilleur exemplaire qu'il lui a été possible de se procurer. Les détails de cet exemplaire qui sont peut-être uniques du point de vue bibliographique, qui peuvent modifier une image reproduite, ou qui peuvent exiger une modification dans la méthode normale de filmage sont indiqués ci-dessous.

- Coloured covers/
Couverture de couleur
- Covers damaged/
Couverture endommagée
- Covers restored and/or laminated/
Couverture restaurée et/ou pelliculée
- Cover title missing/
Le titre de couverture manque
- Coloured maps/
Cartes géographiques en couleur
- Coloured ink (i.e. other than blue or black)/
Encre de couleur (i.e. autre que bleue ou noire)
- Coloured plates and/or illustrations/
Planches et/ou illustrations en couleur
- Bound with other material/
Relié avec d'autres documents
- Tight binding may cause shadows or distortion along interior margin/
La reliure serrée peut causer de l'ombre ou de la distorsion le long de la marge intérieure
- Blank leaves added during restoration may appear within the text. Whenever possible, these have been omitted from filming/
Il se peut que certaines pages blanches ajoutées lors d'une restauration apparaissent dans le texte, mais, lorsque cela était possible, ces pages n'ont pas été filmées.
- Additional comments: / **Text in Icelandic.**
Commentaires supplémentaires:

- Coloured pages/
Pages de couleur
- Pages damaged/
Pages endommagées
- Pages restored and/or laminated/
Pages restaurées et/ou pelliculées
- Pages discoloured, stained or foxed/
Pages décolorées, tachetées ou piquées
- Pages detached/
Pages détachées
- Showthrough/
Transparence
- Quality of print varies/
Qualité inégale de l'impression
- Continuous pagination/
Pagination continue
- Includes index(es)/
Comprend un (des) index
- Title on header taken from: /
Le titre de l'en-tête provient:
- Title page of issue/
Page de titre de la livraison
- Caption of issue/
Titre de départ de la livraison
- Masthead/
Générique (périodiques) de la livraison

This item is filmed at the reduction ratio checked below/
Ce document est filmé au taux de réduction indiqué ci-dessous.

<input type="checkbox"/> 10X	<input type="checkbox"/> 12X	<input type="checkbox"/> 14X	<input type="checkbox"/> 16X	<input type="checkbox"/> 18X	<input type="checkbox"/> 20X	<input checked="" type="checkbox"/> 22X	<input type="checkbox"/> 24X	<input type="checkbox"/> 26X	<input type="checkbox"/> 28X	<input type="checkbox"/> 30X	<input type="checkbox"/> 32X
------------------------------	------------------------------	------------------------------	------------------------------	------------------------------	------------------------------	---	------------------------------	------------------------------	------------------------------	------------------------------	------------------------------

The copy filmed here has been reproduced thanks to the generosity of:




University of Manitoba
Winnipeg

The images appearing here are the best quality possible considering the condition and legibility of the original copy and in keeping with the filming contract specifications.

Original copies in printed paper covers are filmed beginning with the front cover and ending on the last page with a printed or illustrated impression, or the back cover when appropriate. All other original copies are filmed beginning on the first page with a printed or illustrated impression, and ending on the last page with a printed or illustrated impression.

The last recorded frame on each microfiche shall contain the symbol \rightarrow (meaning "CONTINUED"), or the symbol ∇ (meaning "END"), whichever applies.

Maps, plates, charts, etc., may be filmed at different reduction ratios. Those too large to be entirely included in one exposure are filmed beginning in the upper left hand corner, left to right and top to bottom, as many frames as required. The following diagrams illustrate the method:



L'exemplaire filmé fut reproduit grâce à la générosité de:

University of Manitoba
Winnipeg

Les images suivantes ont été reproduites avec le plus grand soin, compte tenu de la condition et de la netteté de l'exemplaire filmé, et en conformité avec les conditions du contrat de filmage.

Les exemplaires originaux dont la couverture en papier est imprimée sont filmés en commençant par le premier plat et en terminant soit par la dernière page qui comporte une empreinte d'impression ou d'illustration, soit par le second plat, selon le cas. Tous les autres exemplaires originaux sont filmés en commençant par la première page qui comporte une empreinte d'impression ou d'illustration et en terminant par la dernière page qui comporte une telle empreinte.

Un des symboles suivants apparaîtra sur la dernière image de chaque microfiche, selon le cas: le symbole \rightarrow signifie "A SUIVRE", le symbole ∇ signifie "FIN".

Les cartes, planches, tableaux, etc., peuvent être filmés à des taux de réduction différents. Lorsque le document est trop grand pour être reproduit en un seul cliché, il est filmé à partir de l'angle supérieur gauche, de gauche à droite, et de haut en bas, en prenant le nombre d'images nécessaire. Les diagrammes suivants illustrent la méthode.

qu'il
le cet
nt de vue
age
cation
qués

126

152

Qud

—
—
H

1887 Janson.

Gud Gydinga

og

Gud kristinna manna.



PRÉDIKUN

EFTIR

KRISTOFER JANSON.



ÞÝTT HEFIR

BJÖRN PÉTURSSON.

WINNIPEG.

1887.



1870

1870

1870

252
Pauþ
Boyl

Gud Gyðinga

OG

Gud kristinna manna.

Prédikun eftir Kristofer Janson.

Í gamla testamentinu (1. Kb. 19. 9) er sagt frá því, að spámaðurinn Elías hafi falið sjálfan sig í helli einum sökum örvílnunar út af því, að því nær öll Ísraels-börn höfðu yfirgefið Drottin. Þá kallaði rödd Drottins hann til reikningsskapar, og spámaðurinn kvartaði sáran um bágingi sín. Og Drottinn svaraði: „Far þú héðan og gakk upp á fjallið fram fyrir Drottin“. Og sjá—á undan Drottni kom mikill og sterkur stormur, sem sundurtætti fjallið og sundurmolaði klettana—en Drottinn var ekkí í storminum. Og eftir storminn kom jarðskjálfti og jörðin skalf undir spámanninum—en Drottinn var ekkí í jarðskjálftanum. Og eftir jarðskjálftann kom eyðandi eldur,—en ekkí var Drottinn í eldinum. Og eftir eldinn kom eins og þytur af hægum og blíðum blæ—þá byrgði spámaðurinn andlit sitt; því Guð hans var honum nálægur.

Þessi gamla frásaga hefir ætíð mjög hrifið mig; mér finnst hún undur fögur, og hún sýnir eins og með lifandi mynd mismuninn á Guði Gyðinga og Guði kristinna manna, muninn á Guði í gamla testamentinu og Guði í hina nýja testamenti, muninn á Guði sem völdugum konungi og Guði sem hinum milda kærleikans föður.

Þegar vér með athygli lesum gamla testamentið, munum vér finna, að Gyðingar höfðu upphaflega mjög einfaldnislegar og klúrar hugmyndir um Guð. Þeir tala um hann öldungis eins og hvern annan breyskan mann. Hann fer og gengur með Adam í aldingarðinum og talar við hann, hann kemur til Abrahamus og þyggur kálfssteik og rjóma, hann verður reiður og iðrast þess daginn eftir, sem hann hefur gert daginn áður (sjá 1. Mós. 3, 8; 18, 6 og áfram; 6, 6). Í upphafi skoðaði Gyðingalýður Guð sinn að mestu leyti sem sólarguð við hliðina á Baal og Mólok, sólguð. um heiðnu þjóðanna, er í kring þjuggu. Af þessu leiddu hin tíðu fráhvörf Gyðinga til heiðingja, guðanna, sem þér munið úr biblíu-sögunni; af þessu kom sá siður þeirra, að hengja búka veginna óvina¹⁾ út í sólskinið (4. Mós. 25, 4; Jós. 10, 26. 27); af því risu hinar mörgu kvartanir spámannanna, eins og þegar Amos lætur Drottinn segja við lýðinn: „Var það mér til heiðurs, Ísraelsmenn, að þér færðuð²⁾ brennifórnir og matarfórnir þau 40 ár, sem þér voruð í eyðimörkinni? Nei, þér báruð tjald yðvars³⁾ Móloks, og Kíún, yðar líkneski, stjörnu yðvars⁴⁾ guðs, er þér höfðuð gert yður“ (Am. 5, 25. 26). Eftir Kroníkubókunum átti jafnvel Sál son, er hét Jónatan (sá er Jahve I (Gyðinga-guðinn) hefir gefið), en annan, sem hét Esbaal (maður Baals), og Davíð átti son að nafni Beeljada (Baal veit) 1. Kron. 8, 33; 9, 39; 14, 7. Og Salómon byggði, sem þér vitið, hæðir⁵⁾ og guðalíkneski fyrir Mólok og Móabs guði. Þetta sýnir, að guðshugmyndir jafnvel hinna helztu manna meðal Gyðinga voru býsna óhreinar. Því var það og, að Esekía

1) Réttari framburður á Jehóva.

konungur braut líkneskin og hjó í sundur líkneski Astörtu, og molaði eirorminn, sem Móses hafði gert; því allt til þeirra daga höfðu Ísraels-synir brennt fyrir honum reykelsti og menn nefndu hann Nehústan (2. Kb. 18, 4). Þetta var þá reglugerð ormadýrkun að egypskum sið. Það má og sjá, að Gyðingar höfðu líkneskjur af ættarguðum, þrátt fyrir mynda bannið. Það var gamall siður. Vér vitum, að Rakel stal húsgoðum Labans föður síns og faldi þá í úlfalda reiðskapnum, er hún settist á (1. Mós. 31, 19, 34); jafnvel þvílíkur maður og Davíð hefir haft húsgoð. Vér lesum í 1. Sam. 19, 13, að kona hans Míkal, dóttir Sáls, tók húsgoðið og lagði í rúnið, klæddi það og lét sem það væri maður sinn, sjúkur, þá er Sál sendi menn til að drepa Davíð. Að þessar húsgoða-líkneskjur hafi verið í miklu afhaldi og mjög almennar, sjáum vér á einum stað hjá spámanninum Hóseas (3, 4), þar sem hann spáir því sem mikilli ógæfu fyrir Ísrael, að þeir skuli um langan tíma vera án „húsgoða“.

Eftir því sem Ísraels-lýður náði meiri þroska og einingu sem þjóð, fóru þeir að skoða Guð sinn Jahve eigi einungis sem almennan sólguð, heldur einnig sem sinn sérstaka þjóðguð. Þeir neita ekki, að til séu aðrir guðir, en Jahve, þeirra Guð, er sá völdugasti. Í 2. Mós. 12, 12 stendur að hann skuli halda dóm yfir guðum Egypta og í 5. Mós. 10, 17 segir hann um sjálfan sig: „Því Drottinn, yðar Guð, er Guð yfir öllum guðum, er Drottinn yfir öllum drottnum, mikill Guð, völdugur og óttalegur“. Eigi fyr enn á dögum spámannanna fer að myndast hreinni hugmynd um Guð, og það þá sér í lagi í skólum spámannanna. Spámennirnir fóru að þrúma móti hjá-

guða dýrkun, einstakir konungar studdu þá, fórnarlundarnir voru niður höggðir, líkneskjunum var kollsteypt; já, spámaðurinn Mikka dirfist jafnvel að mæla í móti fórnarþjónum stunnni, sem hún væri ósamboðin hinum sanna Guði. Hann kemst svo ágætlega og merkilega að orði á einum stað (Mikk. 6, 6-8). „Með hvað skal eg koma fram fyrir Drottin, þá eg fell fram fyrir Guði hinum hæsta? Skal eg koma fram fyrir hann með brennifórnir, með árs-gamla kálfa? Hefir Drottinn þóknun á þúsund hrútum, á tíu þúsund viðsmjörslækjum? Hann hefir kunnert þér, maður, hvað gott sé, og hvað heimtar Drottinn annað af þér, enn að gera rétt, ástunda kærleika og að fram ganga í lítillæti fyrir þínum Guði“. Jósías konungur reyndi með eldi og sverði að innleiða þessa hreinni hugmynd um Guð, en það tókst eigi. Allur þorrinn unni meir sólguði sínum og mánadrottningu og hélt fast við sinn heiðinglega skilning á Guði Gyðinga, eins og berlega má sjá af Jer. 44, 16-18, þar sem lýðurinn, sem með spámanninum hafði flúið til efra Egyptalands, vill eigi heyra ræðu hans um hinn nýja Jahve, en vill halda sér til hins gamla, og segist vilja „brenna reykelsi fyrir himinsins drottningu og færa dreypifórn, eins og vér höfum gert, vér og vorir feður, vorir konungar og vorir höfðingjar í Júda stöðum og á Jerúsalemsstrætum, þá vér höfðum nægð brauðs, og oss gekk vel, og vér sáum enga óhamingju. En síðan vér létum af að brenna reykelsi fyrir himinsins drottningu og færa henni dreypifórnir, skortir oss allt, og vér förumst fyrir sverði og hungri“. Herleiðingin til Babylon og

viðkynni við betur menntar þjóðir, eins og Meda og Persa, kom og meiri hreinleika inn í hugmyndir Gyðinga um Guð. Eftir heimkomuna úr herleiðingunni finnum vér eigi frammar neinn vott um dyrkuð Baals eða sólguða, Jahve er nú orðinn þeim hinn einasti sanni Guð, en, að vísu, um leið þeirra sérstaki þjóðguð, sem einhvern tíma á að gera Gyðinga að hinni völdugustu þjóð heimsins og brjóta allar heiðingja þjóðir undir vald þeirra, þá er hann í fyllingu tímans sendir þeim Messias, konunginn af Júda ætt, til þjóðforingja.

Ög hvernig hugsuðu þá Gyðingar sér þennan þjóðguð sinn? Þeir tóku sér til fyrirmyndar það völdugasta, er þeir höfðu séð á jörðunni, hina völdugu, einvöldu harðstjóra í Austurlöndum. Guð varð guð storma, jarðskjálfta og hins eyðanda elds, hinn ógurlegi Guð, sem enginn gat séð án þess að deyja, guðinn, sem steypiti niður hásetum og reisti þau aftur eftir velþöknan sinni; hann varð herguðinn, sem þeir ákölluðu á undan orustu, og sem gekk í lið sinna útvöldu Ísraels-barna, og afmáði heiðingja-þjóðirnar fyrir augliti þeirra með ólmslegri grimmd. Eins og flestar þjóðir í Austurlöndum, voru og Gyðingar, á dögum gamla testamentisins, ósiðuð og barbarísk þjóð, eftir vorum hugmyndum, og hönd þeirra var á móti öllum, sem og allra hendur á móti þeim. Til þess að gefa ályktunum sínum gildi og fylla þjóðina ósigranda vígamóði, létu þjóðforingjarnir í veðri vaka, að allir þeirra ofsalegu leiðangrar og upprætningar-fyrirætlanir væru beinlínis skipanir þjóðguðsins. Má og vera að þeir hafi sjálfir, í trúarofsa sínum, haldið að þetta í raun og veru væri boð Guðs. Á þennan hátt einungis fáum vér skilið þau hryllilegu hvoðvirki,


sem einatt eru eignuð Guði í gamla testamentinu. Eg skal að eins minna á frásögnina um Midianítana í 4. Mós. 25, 31. Þar hefir ungar Júda-höfðingi glapið Midianíta stúlku. Ypparsti presturinn drepur þau með því að leggja þau spjóti í gegn. Um þetta er nú ekki neitt að tala, það er samskvæmt hugmyndum þeirra um lög og rétt; en með því virðist og réttlætinu að vera fullnægt. En eigi er svo. Drottinn býður að hefna á Midianítunum, og þá drepa Ísraelsmenn alla konunga Midianítanna, höggva niður hvert mannsbarn af karlkyni, og taka konur, börn, vinnudyr og fjárluti með sér að herfangi. En þetta er samt eigi nóg. Móses segir: „hafið þér látið allar konur lifa?“ Og nú er þeim boðið, að drepa öll börn karlkyns, og allar þær konur, er þeir sjálfir hafa smánað, en taka öll börn kvennkyns að ambáttum. Hvað segið þér um þetta? Látum oss taka eitt dæmi nálægt oss. Maður einn hér í Minnesota glepur ungu stúlku, er heima á í Wisconsin. Nú er það eigi nóg, að bæði þau seku líða dauða-hegningu, nei, Drottinn býður að Minnesótamenn skuli drepa hverja lifandi sál í Wisconsin, menn, konur og börn af karlkyni, og gjöra hin börnin að ambáttum. Hvað segið þér um þesskonar réttlæti? Trúið þér í raun og veru, að þetta boð sé frá Guði vorum, miskunsemdanna föður? Lesið í gegn hernaðarsögu Gyðinga í Mósis, Jósúa, Dómaranna, Samúels og Konunga bókunum, og þér munuð sjá þvílíka atburði hundruðum saman. Júda-guðinn veður í blóði, hann afnáir alla aðra til að ryðja til rúms lýð sínum. Hvað virðist yður um þvílíkt boð frá drottni, er vér lesum í 1. Sam. 15, 3: „Legg þú nú af stað, í orustu við Amalek og eyð öllu, sem honum til heyrir, og þú skalt eigi

hlífu honum, og dreppú svo mannsem konu, svo harn sem brjóstmylking, svo uxa sem sauð, svo úlfalda sem asna". Trúið þér, að vor Guð, faðir vor og Jesú Kristi, hafi útgefið þvílíkt boð? hann, er segir, að hann eigi vilji dauða neins syndugs manns, heldur að hann betri sig og lífi? hann, sem fyrir soninn hefir boðið oss að elska óvini vora? hann, er hefir boðið oss, að deyða ekki mann? hann, er segir um sjálfan sig, að hann sé kærleikur? Því má hver trúa, sem vill, en eg trúi því ekki. Eg trúi eigi á neinn Guð, er brytjar menn niður sem búfé til að hefna sjúlfs sín. Eg trúi, yfir höfuð, eigi á neinn guð, sem elur neitt í brjósti sér, er hefnd getur heitið. Eg trúi á þann Guð, sem er hin æðsta hreina, heilaga, fullkomna vera, er hugsun manna getur rennt grun í, og þá mega menn eigi koma og saurga hugmyndir vorar með þeim guði, sem kennir að slátra saklausum mönnum, kennir að grýta til bana eigin konu sína, ef hún hefir aðra skoðun á trúar efnum, sem kennir að þrelahald sé leyfilegt, þeim guði, er iðrast og hefnir sín. Það er ein orsök til hins mikla ruglings, er ríkt hefir í trúar hugmyndum Skandinava hér í landi, til hins ruglingslega biblíu-lesturs, til hinnar myrku fastheldni við kreddur óttans, að þeir hafa eigi gert neinn greinarmun á Guði hins gamla og nýja testamentis, á Guði Gyðinga og Guði kristinna manna, að þeir enn standa eins og hinn gamli spámaður og blína eftir Guði í storminum, í jarðskjálftanum, í hinum eyðanda eldi. En Drottinn var ekki í storminum, hann var ekki í jarðskjálftanum, og hann var ekki í hinum eyðanda eldi. Og það kom eins og þytur af blíðum blæ og spámaðurinn huldi

andlit sitt, því Guð var nálægt honum. Já, guði jarðskjálftans, stormsins, eyðileggingarinnar er vikið frá völdum; það var skilningur hinna gömlu, óskýru, siðlausu tíma á honum, nú kemur hann til vor sem hinn blíði blær. Hann kom í hinum blíða blæ jólanóttina, þá er friðarsöngur englanna hljómaði yfir jörðunni, hann kom sem hinn blíði blær með son sinn, bróður vorn Jesúm Krist, sem af létti oki Gyðingdómsins og hins gamla testamentis, og kenndi oss að þekkja Guð sem föður vorn á hinanum. Hin mikla nýjung, sem Jesús Kristur kom með, var einkanlega í því fólgin, að hann breytti hugmyndum vorum um Guð. Eins og vér getum séð af hinu gamla testamenti, hafði stöðug framför í hreinni og hreinni skoðun á Guði átt sér stað, og hugboðinu um föður-elsku hans bregður fyrir eins og leiptrum í mörgum af hinum ágætu spásögnum spámannaanna, en þá fyrst varð trú þeirra skýr, er Jesús Kristur kom á jörðu, og kenndi oss að leggja saman hendur og biðja: „Faðir vor, þú sem ert á himnum“. Eg hefi heyrt presta tilkynna, að það sé Guð, sem hafi vitjað landanna, þegar hallæri, drepsótt, eyðilegging af engisprettum kemur fyrir, að það sé Guð, er vitjar vor, þegar barn veikist, eða einhver óhamingja vill til á heimilinu, eða ef einhver deyr. Það eru þessar gömlu hugmyndir um Gyðinga guðinn, sem aftur bregður fyrir, frá guði stormsins, jarðskjálftans og hins eyðanda elds. Það er hugmyndin um Guð sem hinn dutlungasama harðstjóra, er pintar til bana og fellir nokkrar milliónir manna, eins og menn fella menn á skákborði, er honum ræður svo við að horfa. En sé nú Guð látinn vera Guð sjúkdóma og eyðileggingar og dauða, hvað verður þá úr þeirri kenning, að dauðinn sé v e g n a

um. Já, guði
 nnar er vikið
 ömlu, óskýru,
 nn til vor sem
 blíða blæ jóla-
 naði yfir jörð-
 neð son sinn,
 i Gyðingdóms-
 enndi oss að
 . Hin mikla
 ar einkanlega
 um vorum um
 gamla testa-
 hreinni skoð-
 um föður-elsku
 í mörgum af
 a, en þá fyrst
 kom á jörðu,
 adur og biðja:
 Eg hefi heyrt
 afi vitjað land-
 af engisprett-
 tjar vor, þegar
 ill til á heim-
 ar gömlu hug-
 r bregður fyr-
 g hins eyðanda
 em hinn dutl-
 og fellir nokkr-
 a menn á skák-
 . En sé nú Guð
 ngar og dauða,
 önn sé v e g n a

syndarinnar inn kominn í heiminn? Nei, Guð
 er Guð hins blíða blæs, hann er Guð friðarins, bless-
 unarinnar og kærleikans. Allt það, sem hefir einhvern
 snefil af eyðileggingu, af sjúkdómi, af dauða, er eigi
 sent frá honum, það er sent af sjálfum oss
 yfir oss sjálfa. Já, það er synd mannkynsins,
 er leiðir alla þessa ógæfu yfir heiminn, vor eigin
 synd, synd fedra eður forfeðra vorra, eða synd sam-
 félags þess, er vér lifum í og sem er næm. Það
 eru þúsundir fínna þráða, er binda syndir manna við
 hegningu manna, þúsundir ledda orsaka, oft og ein-
 att frá eldgömlum tímum, sem nú sýna afleiðingar
 sínar, eins og að oft lifur langur tími áður en hin hæg-
 fara eitrun blóðsins safnast í krabbamein. Vér höf-
 um allir blóð hins sama manneðlis sláandi í æðum
 vorum, og því hljótum vér að líða hver með öðrum,
 taka hver með öðrum ábyrgðina, og þola hegninguna
 hver með öðrum. Vér stöndum kyrrir frammi fyrir
 þeirri óttalegu reynslu, að syndir, eins og líka góðir
 hæfilegleikar, ganga að erfðum, og því líka eins bölf-
 un sem blessan. Það heyrir undir hið eilífa náttúru-
 lögmál, sem alheimur getur ei án staðizt, og vér smá-
 mennin, sem úir og grúir at hér neðra, eins og maur-
 um í þúfu, innan um þessar geysimiklu heimsvélar,
 vér verðum stundum hrifnir af reimum og tannhjól-
 um þessarar feykimiklu maskínu og molaðir og marð-
 ir. Margt getur við borið í heiminum, sem oss virð-
 ist óskiljanlegt, óréttlátt—en látum oss forðast að
 skjóta skuldinni á Guð, látum oss heldur leggja hana
 á sjálfa oss. Vér getum verið vissir um, að hvað
 eina, sem við ber, hefir sína eðlilegu orsök og afleið-
 ing, sem vér eigi getum rakið, en sem Guð einn sér.
 Ef vér viljum kenna Guði um eyðileggingarnar í



heiminum, um hallærið og drepsóttina, um sjúkdóm og dauða, já, vér getum einnig sagt glæpina (því hann kvað stjórna öllu), þá ónýtum vér um leið frjálsræði mannsins, þá gerum vér oss að skornum skákmönnum í hendi hins ósýnilega, þá tökum vér um leið burtu frá sjálfum oss ábyrgðina fyrir því illa í heiminum, þá meigum vér til með að taka undir með Guiteau, er hann segir, að það hafi ekki verið hann, sem skaut Garfield president, heldur Guð. Nei, það er við ber í mannheimi, er framkomið af frjálsræði voru, af frjálsræði hinna mörgu millíóna, er mætast, berjast, elska, hata, sem blossa upp og sem deya. Og þess vegna höfum vér þessa ábyrgð, þessa óendanlegu ábyrgð, að vér eigum ofurlítinn þátt í því, sem við ber, þess vegna höfum vér hina sífeldu skyldu, að vinna að sigri hins góða yfir því illa, að ganga í lið með ljósinu, og berjast fyrir því, að leysa og léttu á mannkyninu, sem er þunga hlaðið, sjúkt, stríðandi. Frjálsræði vort er það, sem kemur til leiðar heinsviðburðunum, en Guð stýrir afleiðingunum á þann veg, er hann vill; hann getur ekki komið í veg fyrir hið illa, nema með því að skerða frjálsræði vort og sitt eigið náttúru-lögmál, en hann lætur náttúru-lögmálin með ósveigjanlegum strangleik ganga sína tignarlegu göngu bæði í líkamans og andans heimi, merjandi oss og molandi, ef vér af sjálfs dáðum höfum lagt höfuð vort á vegspangirnar. Þess vegna—sjáir þú einhverja af ástvinum þínum þjást, eða ef einhver ógurlegur atburður skelfir lífsvæði þitt—þá gerðu þér eigi í hugarlund, að það sé Guð, er sérstaklega hafi látið þetta yfir þig koma; því Guð er ekki Guð jarðskjálftans og stormsins, heldur hins blíða blæs. En trúðu því, að Guð geti og vili snúa einmitt þess-

ari ógæfu þér til blessunar, því „allt skal þéna þeim til góðs, er Guð elska“. Trúðu á Guð sem föður þinn, sem föður allrar blessunar. Sé þar fyrir barn þitt sjúkt, eða einhver ástvina þinna þjáist—þá leggðu þá öruggur í föður-arma Guðs, og vertu viss um, að hann sem eigi á neinn þátt í eyðileggingu og dauða, en sem er lávarður lífsins, að hann muni flytja þína kæru óhulta yfir þjáningu og dauða til lífs fegurðarinnar og sælunnar. Já, það er hans list, að láta fegurðina rísa upp úr eyðileggingunni, lífið gróa upp úr dauðanum, hið hreina gull bræðast í eldi þjáningarinnar. Með þjáningunni vill hann koma hugsunum þínum, er má ske hafa verið alveg sokknar niður í gróðafýsn eða kafnar í framkvæmdarsömum athöfnum, til að staðnæmast frammi fyrir hinu mikla spursmáli lífs og dauða, með þjáningunni vill hann efla kærleika þinn til líðandi bræðra og systra, því nú murt þú skilja þau betur; með þjáningunni vill hann herða hæfilegleika þína, draga úr þér allan ofurrembing og gjöra þig hæglátan í huga; með þjáningunni vill hann, ef til vill, vekja þig til alvöru og bænar. Þegar grunnurinn bilar undir fótum vorum, sláum vér ósjálfrátt upp höndum til að ná í eitt-hvað að halda oss við; og margur er sá, sem sorg og þjáning hefir þrýst til að leita Guðs. Þess vegna er blessun þjáningarinnar Guðs, en þjáningin sjálf vor eigin. Þess vegna verður það satt að eilífu, sem Jakob, bróðir Krists, skrifar í bréfi sínu: „Enginn, sem freistast, segi: eg freistast af Guði, því Guð freistast ekki af þínu illa, en hann sjálfur freistar og einskis; heldur freistast sérhver dreginn og veiddur af sinni eigin girnd; síðan, þar á eftir, þá girndin hefir fengið getnað, fæðir hún syndina, en

þá syndin er fullþroskuð, fæðir hún dauða. Villizt ekki, mínir elskulegu bræður. Öll góð og öll fullkomin gjöf er ofan að, og kemur niður frá föður ljósanna, hjá hverjum hvorki er umbreyting né umbreytingarskuggi“. Já, öll góð og öll fullkomin gjöf; því hann er sá góði að eilífu, sá fullkomi að eilífu, og frá honum getur aldrei annað stréymt en fullkomið og gott. En typtar faðir þá aldrei barn sitt? munuð þér spyrja. Vissulega, en þessi typtun er þá einmitt elskuvottur. Og Guðs typtun yfir oss er í því fölgín, að hann leyfir oss að freistast, að þjást, þá er vér sjálfir höfum kjörið oss að lenda í þessu, að hann, með öðrum orðum, eigi stöðvar vor vegna öldur hins eilífa náttúru-lögmáls, en leyfir þeim að skola yfir oss, þegar vér komum of nærri þeim. Og þó heldur hönd hans oss föstum, meðan á öllu þessu stendur, þegar vér viljum láta hann halda oss; þó kemur elska hans alstaðar fram, og einatt í þeirri mynd er vér sízt ætluðum, og hann vill nota þessar hrakfarir sem typtunar hris í ástúðlegri föður hendi til vorrar betrunar, til vaxtar vors í hinu góða, ef vér viljum ganga á hans vald, ef vér viljum þekkjast það.

Látum oss því, vinir, ganga á hönd elsku hans, vissir um, að hún er nógu sterk til að bera oss, látum oss leita athvarfs hjá Guði hins blíða blæs í öllum sorgum vorum og áhyggjum, vissir um, að hann rekur engan frá sér, er til hans leitar, heldur snýr öllu til hins bezta fyrir þá, er elska hann. Látum oss halda fast í föður-nafn það, er Jesús Kristur hefir kennt oss að þekkja og elska, látum oss eigi lengur leita að Guði vorum í storminum, jarðskjálftanum og hinum eyðanda eldi, látum oss vinna oss út úr

hinum myrku tímum, myrku kreddum, sem fylla oss með ótta fyrir vorum himneska föður, og yfir skyggja elsku hans til vor. Látum oss innilega og í alvöru tileinka oss þessi orð í fyrsta bréfi Jóhannesar: „Guð er kærleikur, og hver, sem er stöðugur í kærleikanum, sá er stöðugur í Guði og Guð í honum“. Amen.



